

**Fundinn sátu:** Jónas Guðmundsson, Árni Einarsson (fjarbúnaði), Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Guðrún Helga Harðardóttir, Laufey Guðmundsdóttir, Tómas Ingi Torfason og Tryggvi Axelsson.

**Dagskrá:**

1. Fundargerð stjórnarfundar 14. september 2022.
2. Lýðræðishátíðin Fundur fólksins.
3. Skipun starfshópa.
4. Áhersluverkefni, starfsáætlun.
5. Kastljós á sjálfbóðaliðastörfin—sjálfbóðaliði ársins.
6. Fræðsluverkefni.
7. Umræðufundur.
8. Nýsköpunarverkefni.
9. Önnur mál:
  - Rannsókn á þriðja geiranum
  - Skráningarmálin
  - Efni fyrir fjölmiðla
  - Verkefni fyrir skrifstofu

1. Fundargerðin samþykkt samhljóða.
2. Rætt um framkvæmd Fundar fólksins sem haldinn var 16. – 17. september síðastliðinn. Þeir sem höfðu tók á því að fylgjast með dagskránni voru almennt ánægðir með framkvæmd einstakra liða. Þátttaka í viðburðum var afar mismunandi, en fjöldi þátttakenda liggur ekki fyrir. Rætt um hvort heppilegra kunni að vera að halda fundinn að vori til þess að auðvelda undirbúning. Stjórnin er sammála um að mikilvægt sé að hefja undirbúning að Fundinum 2023 sem fyrst og leita leiða til þess að virkja og tengja betur stjórnir aðildarfélaganna inn í undirbúninginn og framkvæmdina. Þá sé mikilvægt að gera kynningu á dagskránni og einstaka viðburðum spennandi. Samþykkt að vinnuhópurinn um Fund fólksins efni sem fyrst til umræðufundar með stjórn um fundinn 2023.
3. Formaður fór yfir tillögu um skipan og verkefni starfshópa á starfsárinu. Tillagan samþykkt samhljóða.
4. Formaður fór yfir drög að starfsáætlun starfsársins þar sem fram koma helstu verkefni sem stefnt er að. Áætlun er opin og verður endurskoðuð og endurbætt eftir þörfum. Eftirfarandi dagsetningar stjórnarfunda eru í áætluninni:

Stjórnarfundur 16. nóvember.

Stjórnarfundur 14. desember.

Stjórnarfundur 11. janúar.

Stjórnarfundur 15. febrúar.

Stjórnarfundur 15. mars.

Stjórnarfundur 12. apríl.

Stjórnarfundur 17. maí.

Aðalfundur í júní.

Formaður, varaformaður, gjaldkeri og ritari funda sérstaklega í aðdraganda stjórnarfunda til þess að fara yfir mál og undirbúa.

5. Rætt um sjáfboðaliðastörf.
6. Farið var yfir helstu fræðslu- og kynningarverkefni sem unnið er að. Kynningarfundur um Alheimsmarkmiðin er í undirbúningi, einnig að endurtaka námskeið um fjármál og bókhald félagasamtaka frá því í vor í kringum mánaðarmótin október/nóvember. Stefnt er að því að halda námskeið í febrúar um störf, ábyrgð og skyldur fundarstjóra í samstarfi við Ungmennafélag Íslands. Þetta námskeið ætti að koma vel að notum í aðdraganda aðalfunda sem oftast en ekki eru haldnir snemma árs.
7. Rædd hugmynd um mánaðarlega umræðufundi um ýmis mál sem snúa að almennasamtökum. Meðal annars voru nefnd sem fundarefni: Umhverfismál, persónuverndarmál og meðferð skjala og trúnaðargagna. Fundirnir yrðu ca 90 mínútur og haldnir síðdegis í lok vinnudags.
8. Formaður fór yfir stöðuna í samstarfinu við Garðabæ.
9. A. Formaður sagði frá fyrirhugðum vinnufundi 27. október næstkomandi með Jeannie Fox.  
B. Rætt var um samskipti Almannaheilla við Skattinn um skráningu samtakanna sem félags til almannaheilla.  
C. Formaður kynnti drög að stuttu [kynningarmyndbandi](#) um skráningu almannaheillafélaga á almannaheillaskrá annars vegar og hins vegar á almannaheillafélagaskrá og muninn á þessum tveimur skráningum.  
D. Rætt um ávinning þess að koma upp sameiginlegu gagna- og upplýsingasvæði á netinu fyrir stjórnarfolk.

Fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði Árni Einarsson.